



Landsnet hf.
Guðmundur Ingi Ásmundsson
kerfisstjóri
Krókhálsi 5C
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. desember 2006
Tilvísun: 2006120012
Bréfalykill: 30.2
Verknúmer: 4123001

Efni: Uppgjör við Hitaveitu Suðurnesja vegna truflunar á Suðurnesjalínu

Orkustofnun hefur tekið til umfjöllunar erindi Landsnets hf., dags. 12. desember sl., um uppgjör á bótum til Hitaveitu Suðurnesja vegna skerðingar á raforkuflutningi um Suðurnesjalínu og fylgir niðurstaða stofnunarinnar hér að neðan.

Í 4. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003 m.s.br. segir svo: „..... . Með sama hætti skal taka tillit til annars mismunar á afhendingarþjónustu við gjaldtöku fyrir úttekt á einstökum afhendingarstöðum.“

Á grundvelli þessa lagaákvæðis hefur Landsnet sett skilmála um öflun varaafls frá varaafllsselfendum, þ.á.m. dreifiveitum, vegna rekstrartruflana og viðhalds á flutningskerfinu. Eru þessir skilmálar ekki síst ætlaðir fyrir þá afhendingarstaði sem ekki hafa tvær aðfæðsluleiðir eða fleiri. Skilmálarnir lúta að greiðslu meginhluta kostnaðar dreifiveitna við rekstur varaafllstöðva eða kaupa þeirra á varaafli, í stað lægri flutningsgjalda, en slík lausn væri talsvert flókin í framkvæmd.

Eins og fram kemur í bréfi Landsnets uppfyllir Suðurnesjalína ekki sömu öryggiskröfur og flestar aðrar línur flutningskerfisins, þar sem á Suðurnesjunum eru allstórar orkuvinnslueiningar sem tengjast flutningskerfi Landsnets aðeins með einni flutningslínu.

Orkustofnun telur að tillaga Landsnets að tjónauppgjöri eins og lýst er í bréfi þess sé í samræmi við fyrrgreinda skilmála, þótt aðstæður í þessu tilviki séu aðrar, þar sem vinnslufyrirtæki á í hlut en ekki dreifiveita, og fellst stofnunin á hana. Orkustofnun leggur áherslu á að kostnaði við þessar bótagreiðslur sem og aðrar af sama tagi verði haldið aðgreindum frá almennum rekstrarkostnaði flutningskerfisins, enda verði þær notaðar í framtíðinni sem forsendur fyrir ákvörðunum um nýfjárfestingar eða aðrar aðgerðir sem bæta eiga öryggi flutningskerfisins.

Kostnaður vegna bótagreiðslna mun verða tekinn inn í tekjumörk Landsnets á venjubundinn hátt, en Orkustofnun telur eðlilegt að ef þriðji aðili verður sannanlega valdur að viðkomandi tjóni, bæti hann eða tryggingarfélag hans þann fjárhagslega skaða sem Landsnet verður fyrir.

Virðingarfyllst

Ívar Þorsteinsson